



Stjórnarfundur 3 þriðjudaginn 8. október 2013 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson, Brynja María Ólafsdóttir, Mundína Ásdís Kristinsdóttir.

Afboð og mættu ekki: Dagbjört Víglundsdóttir, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Hreggviður Norðdahl

Dagskrá

- Mótahald
- Landsliðin
- Umsóknir um mótahald (landslið)
- Fréttir af CEV, NEVZA og SCD þingum
- Önnur mál

Fundargerð

Mótahald

- Er í föstum skorðum, mótshaldarar fundnir fyrir öll mót.

Landsliðin

- U19 á leið til IKAST í næstu viku. Grétar Eggertsson var fenginn til að vera fararstjóri en enginn sjúkraþjálfari verður með í för. Erfið tímasetning á mótinu sem er frá þriðjudegi til fimmtudags. Jón Ólafur Valdimarsson verður dómari.
- U17 ára landsliðin í lok október til Englands. Kristín Reynisdóttir verður sjúkraþjálfari og annað hvort Sævar eða Jason fara sem fararstjórar. Ólafur Jóhann Júlíusson verður dómari.
- Rætt um kostnað þeirra sem fara 3 jafnvel 4 ferðir. Ákveðið og samþykkt að veita afslætti til landsliðsmanna sem fara svo margar ferðir á einu ári.
- Novotel. Vísað á Stefán, Jason og Alla til að ákveða hvort Ísland fer með bæði liðin sín eða ekki.

Umsóknir um mótahald

- Þátttökutilkynningar fyrir A landsliðin í Evrópukeppni Smáþjóða og skoðað sérstaklega með mótshald fyrir A liðin. Ákveðið að sækja um að halda undanriðil á Íslandi í maí/júní á næsta ári. Sævari og Jasoni falið að skoða málið
- NEVZA U19 mót. Skoða það að halda þetta mót í Laugardalslauginni í Ágúst 2014. Skoða með strandblaknefndinni sérstaklega.

Fréttir af CEV, NEVZA og SCD þingum

- Forseti NEVZA var kjörinn og hann er varaformaður finnska sambandsins.
- Ekkert merkilegt kom fram á SCD þinginu
- CEV þing – sameiginleg umsókn í sjóði hjá FIVB

Önnur mál

- Happprætti FRÍ – senda tilkynningu til félaganna um að þau geti notað happprættismiðasölu til fjáröflunar.

- Kæra dómara í leik UMFA og Stjórnunnar er í höndum aganefndar. Formaður blakdeildar UMFA óskaði eftir fundi með stjórn BLÍ, dómaranefnd og framkvæmdastjóra. Fundurinn verður 9. október.
- Dómaranefnd fundaði fljótlega eftir atvikið og er að búa til regluverk fyrir dómara og sérstaklega fyrir atvik sem þessi.
- Agareglur BLÍ – farið yfir þær og skjalið samþykkt í heild sinni. Sævar sendir tilkynningu og setur á heimasíðu BLÍ strax.

Fundi slitið kl. 18.30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð